



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Sameining Hamra og Bakka***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 24. ágúst sl. var lögð fram að nýju með áorðnum breytingum svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2016:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til sameiningu leikskólanna Hamra og Bakka, starfsstöðvar leikskólans Bakkabergs í Staðahverfi, undir eina stjórn. Sameining komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánu samstarfi við foreldra og starfsfólk. Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem vinnur með leikskólastjóra Hamra og hefur það hlutverk að gera áætlun um ferli sameiningar og leiða upphaf sameiningar. Starfshópurinn verði skipaður leikskólastjóra Hamra, fulltrúum starfsmanna og foreldra á leikskólanum Hömrum og Bakka og fulltrúum skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfstími hópsins sé til 30. júní 2017 eða lengur ef þörf krefur.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Jafnframt lögð fram skýrslan Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi, dags. í apríl 2016 og umsögn foreldraráðs og foreldrafélags Bakka, dags. 19. ágúst 2016, umsögn starfsfólks á leikskólanum Bakka, dags. 19. ágúst 2016, umsögn foreldraráðs leikskólans Hamra, dags. 19. ágúst 2016 og umsögn starfsmanna leikskólans Hamra, dags. 22. ágúst 2016.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð, dags. 27. júní 2016 í Staðahverfi

Framtíðarskipulag í skóla- og frístundastarfi í Grafarvogi, dags. apríl 2016

Umsögn starfsmanna Bakka, dags. 19. ágúst 2016

Umsöng foreldraráðs og forelfélags, 19. ágúst 2016

Umsögn starfsmanna Hamars, dags. 22. ágúst 2016

Umsögn foreldraráðs Hamra, dags. 19. ágúst 2016

Reykjavík, 27. júní 2016  
SFS2016010132  
101. fundur / fskj. 1/3  
HG/gst/gs

## Bréf

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Tillaga sviðsstjóra varðandi Bakka og Hamra*

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til sameiningu leikskólanna Hamra og Bakka, starfsstöðvar leikskólans Bakkabergs í Staðahverfi, undir eina stjórn. Sameining komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2017. Sviðsstjóra er falið að undirbúa breytinguna í nánú samstarfi við foreldra og starfsfólk. Lagt er til að skipaður verði starfshópur sem vinnur með leikskólastjóra Hamra og hefur það hlutverk að gera áætlun um ferli sameiningar og leiða upphaf sameiningar. Starfshópurinn verði skipaður leikskólastjóra Hamra, fulltrúum starfsmanna og foreldra á leikskólanum Hömrum og Bakka og fulltrúum skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfstími hópsins sé til 30. júní 2017 eða lengur ef þörf krefur.

### **Greinargerð:**

Með sameiningu Bakkabergs/Bakka og Hamra yrðu til tvær heildstæðar skólstofnanir í Víkur- og Staðahverfi með einn sameinaðan leikskóla og einn sameinaðan grunnskóla. Nú þegar sækja unglingar sem búsettir eru í Staðahverfi, nám sitt í Kelduskóla/Vík og tengsl hverfanna mætti efla enn frekar með þessari sameiningu.

Leikskólinn Bakki er minnkandi eining með fækkun barna í hverfinu og getur illa talist faglega- eða rekstrarlega hagkvæm eining.

Leikskólinn Bakkaberg/Bakki rúmar 69 börn. Leikskólinn Hamrar rúmar 88 börn auk 16 barna í lausri stofu. Samtals 157 – 173 börn (með eða án lausrar stofu).

Leikskólinn Hamrar hefur verið í góðu samstarfi við Kelduskóla/Vík í gegnum verkefnið Forskólinn þar sem unnið er með Söguaðferðina. Fengur væri fyrir börn í Bakka að eiga hlutdeild í því verkefni. Jafnframt hefur til margra ára verið unnið að mjög mörgum þróunarverkefnum á Bakka s.s. Fjörulallaverkefninu sem myndi verða góð viðbót við starf leikskólans Hamra.

Akstursleið á milli leikskólanna er 1,7 km og stysta gönguleið um 1,8 km.



Fjöldi barna sem fædd eru 2011-2016 sem búsett eru í Staðahverfi er eftirfarandi (tölur miðast við 3. júní sl.):

Börn fædd	Fjöldi barna í Staðahverfi
2011	12
2012	11
2013	11
2014	10
2015	8
2016 (m.v. 3. júní)	2
<b>Samtals</b>	<b>54</b>

Fjöldi barna sem fædd eru 2011-2016 sem búsett eru í Víkurhverfi er eftirfarandi (tölur miðast við 3. júní sl.):

Börn fædd	Fjöldi barna í Víkurhverfi
2011	25
2012	28
2013	19
2014	16
2015	19
2016 (m.v. 3. júní)	6
<b>Samtals</b>	<b>113</b>

Leikskólastjóri Bakkabergs/Bakka er ráðinn er tímabundið og er gert ráð fyrir að leikskólastjóri Hamra stýri sameinuðum leikskóla.


Lagt var til af samstarfshópi um skólalald í Staðahverfi að búinn verði til nýr skóli sem samanstæði af leikskólanum Bakkabergi (í Staðahverfi) og nemendum í 1. – 4. bekk í Kelduskóla Korpu (Staðahverfi). Um hefði verið að ræða 80-92 barna skóla þar sem nokkuð jöfn skipting hefði orðið á milli leik- og grunnskólabarna. Áætlað var að skólinn yrði staðsettur í húsnæði Kelduskóla/Korpu.

Ljóst er að slíkur skóli yrði mjög fámennur auk þess sem mjög dýrt yrði að breyta húsnæði Kelduskóla/Korpu þannig að hann myndi henta leikskólabörnum.



# Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi

Tillögur starfshóps



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

apríl 2016





## Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi

### 1. Inngangur

Í september 2010 var birt niðurstaða starfshóps Leikskólasviðs og Menntasviðs Reykjavíkurborgar um skólalagd á Kjalarnes. Starfshópurinn var stofnaður á grundvelli erindisbréfs þar sem fram kom að gera ætti tillögu að sameiginlegum rekstri leikskóla, grunnskóla og starfsemi ÍTR. Í vinnu starfshópsins lagði Leikskólasvið Reykjavíkurborgar til að í stað sameiningar á rekstri grunnskólans, leikskólans og starfsemi ÍTR yrðu leikskólinn Berg á Kjalarnesi og leikskólinn Bakki í Grafarvogi sameinaðir. Með því móti yrði stuðlað að samrekstri tveggja leikskóla sem gæfi bæði möguleika á að styrkja faglegt starf, sérstaklega á leikskólanum Bergi og auka fjölbreytni og sveigjanleika í starfsmannahaldi. Skólustjóra sameinaðs leikskóla var falið að nýta styrkleika hvors leikskóla fyrir sig við að byggja upp faglegt starf í nýjum leikskóla.

Leikskólustjórinn lagði fram hugmyndir, sem voru í góðu samræmi við þær áherslur sem fram komu hjá starfshópnum, um áframhaldandi þróun skólustarfs á leikskólanum Bergi í samvinnu við leikskólann Bakka. Leikskólinn Bakki hafði m.a. verið í fararbroddi varðandi útikennslu og umhverfismennt og unnið að verkefninu „Fjörulallar - það erum við!“ í samstarfi við Náttúraskólann. Skólinn er Grænfánaskóli og hafði jafnframt tekið þátt í samstarfsverkefnum sem nýta rafræna miðla til að stuðla að samskiptum og miðla upplýsingum milli barna og starfsmanna. Litið var til þessarar reynslu við að byggja upp útikennslu og umhverfismennt í leikskólanum Bergi ásamt því að nýta upplýsinga- og samskiptatæknina til að auka upplýsingastreymi og samskipti milli barna, starfsmanna og foreldra.

Frá árinu 2010 hefur leikskólinn Bakkaberg, áður leikskólinn Bakki í Grafarvogi og áður leikskólinn Berg á Kjalarnesi, verið sameinaðir undir einni yfirstjórn. Heiti starfsstöðva eru tengd heitum gömlu leikskólanna. Markmiðið með sameiningunni var að bæta nýtingu fjármagns og auka svigrúm innan leikskólanna til breytinga og þróunar á leikskólustarfinu.

Við breytinguna 2010 má fullyrða að leikskólustarf á Bergi hafi komist í fastara form en verið hafði fyrir sameiningu. Fyrir 2010 höfðu verið tíð skipti á stjórnendum og fáir eða stundum engir leikskólakennarar við störf. 2014 hætti leikskólustjórinn sem hafði stýrt breytingunum frá 2010. Síðan 2014 hafa þrjú leikskólustjórar komið að stjórnun Bakkabergs. Núverandi leikskólustjóri er með tímabundinn ráðningarsamning til 1. júní 2016.

Korpuskóli hóf starfsemi árið 1999 að Korpúlfsstöðum en tók til starfa í nýju skólalúsi á Bakkastöðum í Staðahverfi í Grafarvogi í október 2005. Skólaárið 2009 -2010 voru um 180 nemendur í 1. – 7. bekk auk 60 nemenda í 8. – 10. bekk sem sóttu Víkurskóla. Vorið 2011 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að sameina Korpuskóla (173 nemendur) og Víkurskóla (331 nemandi) undir eina yfirstjórn og að nemendur í 8. – 10. bekk úr Staðahverfi sæktu áfram nám í Víkurskóla. Nýr sameinaður Kelduskóli, með starfstöðvarnar Korpu og Vík, tók til starfa 1. janúar 2012.

18. janúar 2016 áttu fulltrúar yfirstjórnar skóla- og frístundasviðs ásamt formanni skóla- og frístundaráðs fund með annars vegar foreldrum í Bakkabergi og hins vegar starfsfólki Bakkabergs. Fundurinn var haldinn til að ræða stöðu og framtíðarskipan leikskólans. Mikill samhljómur var hjá

foreldrum og starfsfólki um að skipta Bakkabergi upp aftur. Fram komu efasamdir um faglegt og rekstrarlegt hagræði þess að hafa samrekna stofnun þar sem mikil fjarlægð væri milli starfsstöðva og þjónustuþegahópurinn ólíkur.

Á fundinum voru viðraðar hugmyndir um aðrar útfærslur á samstarfi og sameiningu skólastofnana. Rík ástæða þótti því til að rýna framtíðarskipan Bakkabergs með það að markmiði að tryggja sterkar faglegar og rekstrarlegar skólaeiningar. Lögð var áhersla á gott samstarf við hagsmunaaðila og að þeim yrði tryggð aðkoma að tillögugerð vegna framtíðarskipulags skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. janúar 2016 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að leggja fram tillögu um hvernig verði staðið að vinnu við mótun á framtíðarskipan leikskólans Bakkabergs sem tryggir sterkar faglegar og rekstrarlegrar skólaeiningar. Í tillögunni skal tryggð aðkoma starfsmanna, foreldra og annarra hagsmunaaðila.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 4. febrúar 2016 var eftirfarandi tillaga sviðsstjóra samþykkt:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð að stofnaðir verði tveir starfshópar sem hafa það verkefni að móta framtíðarskipulag leikskólans Bakkabergs með tilliti til samþættingar og samstarfs við aðrar starfsstöðvar, annarsvegar á Kjalarnesi og hinsvegar í Grafarvogi. Markmið vinnunnar er að tryggja sterkar faglegar og rekstrarlegar skólaeiningar. Starfshóparnir skulu starfa á þjónustusvæði Bakkabergs, annars vegar á Kjalarnesi og hins vegar í Staðahverfi í Grafarvogi. Starfshóparnir skulu skipaðir fjórum sérfræðingum á skóla- og frístundasviði auk tveimur fulltrúum skólastjórnenda leik- og grunnskóla, tveimur fulltrúum starfsfólks og tveimur fulltrúum foreldra, fulltrúa hverfisráða og fulltrúa íbúasamtaka. Starfshóparnir skulu leggja fram ígrundaðar rökstuddar og útreiknaðar tillögur fyrir skóla- og frístundaráð eigi seinna en á fyrri fundi ráðsins í apríl.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að fækkun barna er fyrirsjáanleg bæði í leikskólanum Bakkabergi og í Kelduskóla- Korpu. Fækkun barna leiðir til óhagkvæmari reksturs þar sem fastur kostnaður sem tengist húsnæðiskostnaði og launakostnaði vegur þungt í heildarkostnaði. Hætta er á að fjármagn sem ætlað er til starfsmannamála, s.s. námskeiða og fyrirlestra á starfsdögum nýtist verr. Leiða má líkum að því að fækkun barna og starfsmanna leiði til minni fjölbreytni faglegs starfs bæði í leikskólum og grunnskólum.

Fjöldi leikskólabarna eftir árgöngum		
	Í Staðahverfi	Á Kjalarnesi
2010	13	16
2011	13	7
2012	12	13
2013	11	16
2014	11	4
2015	9	7

Tafla 1 - Fjöldi leikskólabarna eftir árgöngum á báðum starfsstöðvum leikskólans Bakkabergs

Nemendapróun og spá í Kelduskóla-Korpu	
2013	125
2014	107
2015	103
2016	94
2017	86
2018	90
2019	82
2020	76

Tafla 2 – Nemendapróun og nemendaspá um fjölda grunnskólabarna í Kelduskóla-Korpu

Í framhaldi af samþykktri tillögu var stofnaður starfshópur, sem hafði það hlutverk að leggja fram tillögur að framtíðarskipulagi leikskólans Bakkabergs og skólastarfs í Staðahverfi.

Helstu verkefni starfshópsins voru:

- Rýna faglegt og rekstralegt umhverfi leikskólans Bakkabergs
- Rýna faglegt og rekstrarlegt umhverfi skólastarfs í Kelduskóla-Korpu.
- Setja fram ígrundaðar, rökstuddar og útreiknaðar tillögur að framtíðarskipulagi skólamála í Staðahverfi í Grafarvogi
- Að standa fyrir kynningar og umræðufundi á tillögum starfshópsins fyrir foreldra og starfsmenn

Starfshópnum var ekki falið að fjalla um skólastarf í Víkurhverfi en í því samhengi að Kelduskóli er sameinaður grunnskóli fyrir börn í Víkurhverfi og Staðahverfi og þá staðreynd að unglingar í báðum hverfum sækja skóla í Vík þá er ekki hjá því komist að minnst sé á skóla- og frístundastarf í Vík í skýrslunni.

Leitað var tilnefninga í starfshópinn í samræmi við tillögu sviðsstjóra. Aðilum voru gefnar tvær vikur til tilnefningar. Ekki barst tilnefning frá Hverfisráði Grafarvogs.

Starfshópin skipuðu:

- Ragnar Þorsteinsson, formaður starfshópsins
- Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu
- Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúi á leikskólaskrifstofu
- Ingibjörg Gísladóttir, mannauðsráðgjafi
- Árný Inga Pálsdóttir, skólustjóri Kelduskóla
- María Vilborg Hauksdóttir, leikskólustjóri í Bakkabergi,
- Valdís Edda Hreinsdóttir, aðstoðarleikskólustjóri á Bakka
- Anna Dagrún Pálmadóttir fyrir hönd starfsfólks á Bakka,
- Þuríður Jóna Ágústsdóttir fyrir hönd starfsfólks Kelduskóla – Korpu
- Baldvin Már Baldvinsson fyrir hönd foreldra á Bakka,
- Sigurbjörg Ásta Hreinsdóttir fyrir hönd foreldra í Kelduskóla – Korpu
- Elísabet Gísladóttir fyrir hönd Íbúasamtaka Grafarvogs/fulltrúi í Hverfisráði

## 2. Samantekt á vinnu starfshópsins

Á fyrsta fundi hópsins 1. mars 2016 var farið yfir aðdraganda stofnunar starfshópsins s.s. ákvörðun um sameiningu Bergs og Bakka frá árinu 2010, fjöldi barna í hverjum árgangi og nemendaspár í Staðahverfi. Kynnt var tillaga sem samþykkt var í skóla- og frístundaráði 27. janúar sl. og erindisbréf starfshópsins var kynnt og rætt. Skólustjóri Kelduskóla kynnti starfssemi skólans. Skólustjórinn kynnti starfsstöðina Korpu þar sem nemendur í 1. – 7. bekk stunda nám, en nemendur úr Staðahverfi fara í 8.-10. bekk í starfsstöðina í Vík. Starfandi leikskólustjóri leikskólans Bakkabergs kynnti starfsstöð leikskólans Bakka.

Á öðrum fundi hópsins 8. mars var unnið að hagsmunaaðilagreiningu. Á síðari hluta fundarins gafst þátttakendum tækifæri til að koma fram með þær hugmyndir sem taldar voru í stöðunni. Á þessu stigi komu fram 6 hugmyndir að breytingum. Eftir að hver og einn hafði fengið tækifæri til að hugsa möguleikana og skrifa þá niður, unnu þátttakendur í 2ja-3ja manna hópum og skiluðu hugmyndum sínum á gulum blöðum (ein hugmynd á blaði). Hugmyndir hópanna voru límdar upp á vegg og kynntar. Allir unnu saman að því að flokka hugmyndirnar þannig að tengdar hugmyndir voru settar saman.

Á þriðja fundi hópsins 17. mars voru þátttakendur beðnir um að nefna hvaða valkostur þeim hugnaðist best. Ef hugmyndir sem höfðu verið settar fram áður fengu ekki fylgi var ákveðið að slá þær út af borðinu. Þær þrjár hugmyndir sem hópurnir tók til frekari vinnslu voru greindar og ræddar.

Fyrsta hugmyndin fjallaði um að stofnaður verði nýr samrekinn leik- og grunnskóli fyrir 2ja til 9 ára börn. Grunnskólanemendur í 5. til 7. bekk í Staðahverfi sæki nám í Kelduskóla – Vík. Skólastarfið verði skipulagt á svipaðan hátt og er í Krikaskóla í Mosfellsbæ og kannað hvort mögulegt er að lengja grunnskólaárið í 200 daga úr 180 dögum eins og nú er í grunnskólum Reykjavíkur.

Önnur hugmyndin var að Korpa verði starfsstöð fyrir 1. – 4. bekk úr Kelduskóla og Vík verði starfsstöð fyrir 5. – 10. bekk úr Kelduskóla.

Þriðja hugmyndin sem rædd var fjallaði um sameiningu Bakka og Hamra og Bakki yrði rekinn sem sér leikskóli.

Ákveðið var á fjórða fundi hópsins 21. mars að vinna áhættugreiningu fyrir þá þrjá valkosti sem nefndir eru hér að ofan. Starfshópurinn var sammála um að ekki þyki raunhæft að leggja fram tillögu sem miðar að því að yngstu börnin á grunnskólaaldri í 1. – 4. bekk, sæki skóla utan síns heimahverfis. Hugmyndin um sameiningu Bakka og Hamra og að Bakki verði rekinn sem sér leikskóli taldi hópurinn ekki tryggja framtíðarskipulag skólamála í hverfinu.

Niðurstaða umræðunnar var því sú að starfshópurinn telur að hugmyndin um að stofna samrekinn leik- og grunnskóla að fyrirmynd Krikaskóla í Mosfellsbæ tryggi best framtíðarskipulag skólamála í Staðarhverfi.

Á fimmta og síðasta fundi starfshópsins 30. mars fór starfshópurinn í heimsókn í Krikaskóla í Mosfellsbæ. Skólastjóri Krikaskóla gekk með starfshópnum um skólann, sagði frá hugmyndafræði og þróun og skipulagi skólastarfsins og svaraði spurningum. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs var með starfshópnum í þessari heimsókn.

Í tengslum við starf hópsins var sent upplýsingabréf til allra foreldra og starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, þar sem hlutverk hópsins og helst verkefni voru kynnt. Í erindisbréfi hópsins kemur fram að halda skuli kynningarfundum fyrir starfsfólk og foreldra á niðurstöðu vinnu starfshópsins. Stefnt er að því að halda fundina í byrjun maímánaðar.

### **3. Niðurstöður starfshópsins, tillögur og rökstuðningur**

Eins og fram kemur í samantekt á vinnu starfshópsins voru settar fram nokkrar meginhugmyndir um skipulag skólastarfsins. Ræddar voru mismunandi útfærslur á nokkrum hugmyndum.

- 1. Sameining leikskólans Bakka og Kelduskóla**
  - a. Tveir elstu árgangar leikskólans (fjögurra og fimm ára börn) flytjast í húsnæði Korpu
  - b. Fimm ára börn flytjast í húsnæði Korpu
  - c. Stofnaður verði grunnskóli fyrir yngsta stigið (1. - 4. bekk) og forskóli fjögurra og fimm ára barna. Yngstu leikskólabörnin fari í nágrannaleikskóla
  - d. Samrekstur Bakka og Korpu. Eldri leikskólabörn flytjist hugsanlega í húsnæði Korpu
  - e. Stofnaður verði nýr samrekinn leik- og grunnskóli fyrir 2ja til 9 ára börn. Grunnskólanemendur í 5. til 7. bekk í Staðahverfi sæki nám í Kelduskóla – Vík. . Skólastarfið verði skipulagt á svipaðan hátt og er í Krikaskóla í Mosfellsbæ og kannað

hvort mögulegt er að lengja grunnskólaárið í 200 daga úr 180 dögum eins og nú er í grunnskólum Reykjavíkur.

2. **Sameining leikskólanna Bakka og Hamra**
  - a. Fimm ára börn flytjist í húsnæði Korpu
  - b. Full sameining
  - c. Samrekstur og samstarf
  
3. **Leikskólinn Bakki og Kelduskóli-Korpa verði áfram tvær sjálfstæðar stofnanir**
  - a. Báðir skólarnir verði í húsnæði Korpu
  - b. Skólarnir verði í óbreyttu húsnæði
  - c. Bakki verði ungbarnaleikskóli frá eins til þriggja ára og fjögurra og fimm ára börn flytjist í húsnæði Korpu
  - d. Bakki verði alfarið gerður að ungbarnaleikskóla
  
4. **Báðum starfsstöðvum, þ.e. leikskólanum Bakka og Kelduskóla-Korpu verði lokað**
  
5. **Leikskólinn Bakki verði sjálfstætt starfandi leikskóli í nánú samstarfi við grunnskólann**
  
6. **Korpa verði starfsstöð fyrir 1. – 4. bekk úr Kelduskóla og Vík verði starfsstöð fyrir 5. – 10. bekk úr Kelduskóla**

Starfshópurinn ræddi þessar hugmyndir út frá styrkleikum, veikleikum og hvað sérstaklega mælti með hverri hugmynd.

**Niðurstaða starfshópsins var að mæla með hugmynd 1, þ.e. að leikskólinn Bakki og grunnskólinn Kelduskóli – Korpa verði sameinaðir í nýjum skóla fyrir 2ja – 9 ára börn.**

Starfshópurinn telur að miðað við fyrirbyggjandi forsendur sé líklegast að þessi hugmynd tryggji best framtíðarskipulag skólamála í Staðahverfi. Starfshópurinn stóð frammi fyrir þeirri staðreynd að samkvæmt spá um fjölda nemenda þá fer nemendum fækkandi í Staðahverfi og því er mikilvægt að nemendur á miðstigi grunnskólans (5. – 7. bekkur) fái fjölbreyttara námsumhverfi en mögulegt er að skipuleggja í Korpu. Því er lagt til að miðstignemendur sækji skóla í Vík.

Ekki er fyrirsjáanlegt annað en að árgangar nemenda í 1. – 4 bekk í Korpu verði fámennir eða rúmlega 10 nemendur í árgangi. Í skólastarfi Kelduskóla-Korpu er í dag tekist á viðfámenna árganga með áherslu á einstaklings-/hópmiðað nám, teymiskennslu, samþættingu námsgreina og með fjölbreyttum kennsluáferðum. Með aukinni fækkun nemenda getur orðið erfitt að fá til starfa við skólann sérhæfða kennara, sérstaklega í verk- og listgreinum og íþróttum þar sem kennslumagn í þessum námsgreinum mun ekki duga í heilar kennarastöður. Fámennið mun væntanlega kalla á aukna samkennslu árganga og aukið samstarf og meiri fjölhæfni kennara.

Starfshópurinn er sammála um að markmiðið með endurskipulagningu skólastarfsins er að skapa lærdómssamfélag til framtíðar í anda leiðarljóss skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Stuðla að því að öll börn og ungmenni í Staðarhverfi í Grafarvogi eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði sem byggir á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins, þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu. Í endurskipulögðu skólastarfi er stefnt að heildstæðri stefnumótun sem tekur mið af þörfum barna og foreldra þeirra.

Þverfaglegt samstarf milli starfsfólks er mikilvægt og að styrkleikar beggja skólastiga verði lagðir til grundvallar metnaðarfullri starfsáætlun. Fjárhagslegt og rekstrarlegt markmið með endurskipulagningunni er að sameina yfirstjórn leik- og grunnskólans og samþætta margvíslega stoðþjónustu og standa með því vörð um faglegt innra starf.

Ef sú leið verður farin sem starfshópurinn mælir með mun þurfa að gera töluverðar breytingar á núverandi húsnæði Korpu í þá veru að húsnæðið henti sem best ungum börnum á leikskólaaldri. Í forsögn vegna byggingar Korpuskóla var gert ráð fyrir að þegar grunnskólanemendum fækkaði gæti leikskólastarf Bakka rúmast í byggingunni. Á teikningum er rými merkt leikskólastarfi.

Að lengja grunnskólaárið úr 180 dögum í 200 daga kallar fram töluverðar áskoranir fyrir fræðsluyfirvöld í Reykjavík. Leiða má líkum að því að þjónustan verði heildstæðari en jafnframt nokkuð dýrari. Skóladagur og skólaár barnsins er skipulagt með það í huga að dagur barnsins verði samfelldur og innihaldi samþætt grunnskóla- og frístundastarf ásamt skipulagðri útivist, tónlistarnámi og hreyfingu. Þessi breyting kallar á skipulagsbreytingu á þeirri frístundaþjónustu sem nú er í boði. Í dag eru öll börn í 1. -4. bekk í frístundastarfi í frístundaheimilinu Ævintýralandi eftir að grunnskólastarfi lýkur. Sérstaða hverfisins er að vera í útjaðri borgarinnar þar sem flestir foreldrar sækja vinnu fjarri heimilinu og börn eru fá í hverfinu. Frístundaheimilið gegnir því veigamiklu uppeldis-, afþreyingar- og öryggishlutverki. Í samþættum degi barnsins þarf eftir sem áður að tryggja frístundaþjónustu til kl. 17:00 á daginn fyrir þá sem þurfa þá þjónustu. Ef nemendur í 5. – 7. bekk í Staðahverfi sækja nám og frístundastarf í Kelduskóla-Vík þarf að huga að fjölbreyttu frístundastarfi fyrir þennan aldur og tryggja starfinu sem hentugast húsnæði í Vík.

Ef að breytingum verður leggur starfshópurinn áherslu á að ákvörðunin liggi fyrir áður en grunnskólahaldi lýkur á þessu skólaári og leikskólinn fer í sumarleyfi. Mikilvægt er að nemendur, foreldrar og starfsfólk verði ekki í óvissu um hvernig skólalöld verði háttað í næstu framtíð.

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði innleiðingarhópur breytinganna, sem fjalli bæði um faglegar og rekstrarlegar áherslur. Innleiðingin fái skilgreindan tíma þar til formleg breyting tekur gildi. Breytingin getur tekið gildi í áföngum. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra Kelduskóla þá gætu nemendur í 6. og 7. bekk hafið nám í Vík strax á næsta skólaári. Skoða þarf í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar hvaða breytingar þarf að gera á núverandi skólalóð og skólalóð Korpu.

Starfshópurinn leggur því ekki fram á þessu stigi kostnaðargreiningu við þá tillögu sem lögð er til, þar sem margvísleg útfærsla eru óljós. Ljóst er að húsnæðisbreytingar og breytingar á skólalóð munu hafa í för með sér stofnkostnað. Til mótvægis kemur að hægt verður að selja núverandi húsnæði Bakka og lóð. Gera má ráð fyrir að rekstrarkostnaður samrekins leik- og grunnskóla í sameiginlegu húsnæði muni verða lægri en er í dag. Yfirstjórn, mótuneytisþjónusta, starfsmannakostnaður, samþætt stoðþjónusta, innri leiga og húsnæðistengdur kostnaður mun einnig að lækka.

Tillaga um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi.

**Stofnaður verði nýr samrekinn leik- og grunnskóli fyrir 2ja til 9 ára börn. Grunnskólanemendur í 5. til 7. bekk í sæki nám í Kelduskóla – Vík. Skólastarfið verði skipulagt á svipaðan hátt og er í Krikaskóla í Mosfellsbæ og kannað hvort mögulegt er að lengja grunnskólaárið í 200 daga úr 180 dögum eins og nú er í grunnskólum Reykjavíkur.**

Í þessari tillögu er lagt til að stofnaður verði nýr samrekinn leikskóli og grunnskóli með samþættri frístundaþjónustu og tónlistarnámi, sem þjóni börnum og foreldrum þeirra frá upphafi leikskólagöngu til loka 4. bekkjar. Skólinn byggir á því góða starfi sem nú er í leikskólanum Bakka og skóla- og frístundastarfi í Korpu. Við mótun skólans verði horft tilreynslu Krikaskóla í Mosfellsbæ. Kannað verði hvort mögulegt er að lengja grunnskólaárið í 200 daga úr 180 dögum eins og nú er í grunnskólum Reykjavíkur

Starfshópurinn rýndi í kosti þess að endurskipuleggja skólastarf á þann hátt sem tillagan gerir ráð fyrir. Það sem helst mælir með að fara þessa leið að mati hópsins er:

- Faglega og fjárhagslega skársta lausnin til að koma til móts við fækkun barna á leikskóla- og grunnskólaaldri í hverfinu
- Gott húsrými í Korpu býður upp á skipulag námsumhverfis þar sem samþætt og sveigjanlegt skólastarf ýtir undir sköpun, fjölbreytileika og frumkvæði sem byggir á styrkleikum beggja skóla
- Samþætting mismunandi verkefna, s.s. frístundar, tónlistar, hreyfingar, útiveru og annars skapandi starfs í degi barnsins, býður upp á fjölbreytt starf á báðum skólastigum
- Sameiginleg yfirstjórn í nýjum skóla stuðlar að samræmdri þjónustustefnu við foreldra og einfaldara skipulagi skólaársins með tilliti til starfsdaga, skipulagsdaga og vetrarleyfis
- Samfella í stefnumótun skólastarfs frá upphafi leikskólaaldurs til 4. bekkjar í grunnskóla
- Aukið flæði og samstarf á skilum skólastiga varðandi nám og kennslu
- „Skólinn í hverfinu okkar“. Aukin samkennd og sterkari félagsauður í hverfinu með sterkari tengslum barna, foreldra og skóla
- Aukin samfella í foreldrasamstarfi
- Eftirsóknarvert skólaskipulag sem getur laðað að sér barnafjölskyldur í hverfið
- Aukin þjónusta við foreldra yngstu grunnskólabarnanna með 200 daga skólaári
- Auknar samráðningar starfsfólks og aukið flæði fagfólks milli skólastiga
- Aukin tækifæri til hagkvæmari og markvissari símenntunar og starfsþróunar sem stuðlar að sterkara fagstarfi
- Góð aðstaða í húsnæði Korpu til að efla enn frekar skapandi skólastarf
- Góð mótuneytisaðstaða í Korpu fyrir öll börn og starfsfólk
- Í samreknu skóla- og frístundastarfi myndast aukin tækifæri til fjárhagslegrar- og rekstrarlegrar hagkvæmni
- Yfirstjórn og stoðþjónusta verður einfaldari og þar með ódýrari
- Tækifæri gefast í auknum mæli að gera hagkvæmari innkaup á margvíslegri rekstrarvöru



Starfshópurinn telur eftirfarandi atriði helstu áskoranir við tillöguna:

- Fyrirsjáanlegt er að árgangar nemenda í 1. – 4 bekk í Korpu verði fámennir eða rúmlega 10 nemendur í árgangi.
- Fækkun nemenda getur orðið til þess að erfitt verður að fá til starfa við skólann sérhæfða kennara, sérstaklega í verk- og listgreinum og íþróttum þar sem kennslumagn í þessum námsgreinum mun ekki duga í heilar kennarastöður
- Fámennið mun kalla í auknum mæli á samkennslu árganga, aukið samstarf og meiri fjölbreytni kennara
- Standa þarf vörð um hugmyndafræði og kennslufræði leikskólustarfsins, á þann veg að leikurinn sem náms- og kennsluáferð, óformlegt nám, margvíslegt uppgötvunarnám og skapandi starf láti ekki undan vegna þrýstings frá hefðbundnu bóknámi í grunnskólustarfi
- Standa þarf vörð um einstaklingsmiðað og fjölbreytt nám grunnskólanemenda vegna fárra nemenda á grunnskólaaldri
- Markvisst samstarf þarf að vera við Kelduskóla-Vík svo áherslur í námi og aðlögun nemenda verði sem eðlilegastar
- Huga þarf vel að fjölbreyttu framboði frístundastarfs 10 – 12 ára barna
- Huga þarf vel að skipulagi frístundapjónustu fyrir 6-9 ára börn í ljósi þess að öll börn á þessum aldri eru nú þátttakendur í frístundastarfi á vegum frístundaheimilisins Ævintýralands.
- Breyta þarf húsnaði og lóð Korpu á þann hátt að umhverfið henti sem best hugmyndafræði samrekins leik- og grunnskóla og taki mið af aldri barna og þörfum þeirra í nýjum skóla
- Skipuleggja þarf vel flutning nemenda milli Korpu og Víkur
- Ekki sami kjarasamningur leikskólakennara og grunnskólakennara
- Starfstími leikskóla og grunnskóla er mismunandi
- Vinna þarf markvisst með starfsfólki við að byggja upp hugmyndafræði og skipulag nýs skóla svo ekki komi til óstöðugleika í starfsmannahaldi vegna mismunandi menningar starfsstaða
- Kelduskóli er sameinaður grunnskóli frá 2012. Skipulag skólustarfs er komið vel á veg en er enn í mótun. Gæta þarf að stofnun nýs samrekins leik- og grunnskóla og færsla nemenda í 5.- 7. bekk úr Korpu í Vík hafi ekki neikvæð áhrif á þróun og uppbyggingu skólustarfs í Kelduskóla.

#### 4. Lokaorð

Starfshópur um mótun framtíðarskipulags leikskólans Bakkabergs og skólustarfs í Staðahverfi vann af heilindum og í einlægni að því markmiði að endurskipuleggja skólustarfið á þann hátt að í hverfinu verði sterkt faglegt lærdómssamfélag til framtíðar og reksturinn verði fjárhagslega hagkvæmur. Í allri vinnunni voru þarfir barnanna í brennidepli og ekki kvikað frá þeirri hugsun að öll börn og ungmenni í eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði sem byggir á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins, þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Starfshópurinn stóð frammi fyrir þeirri staðreynd í vinnu sinni að ekki er annað sjáanlegt en að árgangar nemenda í 1. – 4 bekk í Korpu verði fámennir eða rúmlega 10 nemendur í árgangi. Með enn meiri fækkun nemenda en nú er getur orðið erfitt að fá til starfa við skólann sérhæfða kennara,

sérstaklega í verk- og listgreinum og íþróttum þar sem kennslumagn í þessum námsgreinum mun ekki duga í heilar kennarastöður. Fámennið mun kalla á samkenndu árganga, aukið samstarf og meiri fjölgæfni kennara

Starfshópurinn gerir sér grein fyrir því að mikil ábyrgð fylgir því að endurskipuleggja skólastarf og að fagmennska, samtal, traust og tími eru þættir sem huga ber að. Sameiginleg ábyrgð allra er koma að breytingunni er að sjá til þess að til verði skóla- og frístundasamfélag sem stendur vörð um menntun og velferð barna og ungmenna í Staðahverfi í Grafarvogi.

SFS  
Reykjavíkurborg

Reykjavík 19.08.2016

### Umsögn frá Foreldraráði og foreldrafélagi Bakka

1. Við viljum að starfshópur byrji sem fyrst að vinna að áætlunargerð vegna sameiningar Bakka og Hamra. Hvers vegna er þessi vinna að byrja á sama tíma og sameining á að eiga sér stað?
2. Skýr stefna um framtíð skólans. Húsnæðismál, starfsmannastefna og námskrá.
3. Við viljum að sérstaða Bakka haldi sér, starfsfólk haldi sinni stöðu og verði á einni starfsstöð. Fjörulallar haldi áfram, samstarf milli elsta árgangs og grunnskólann efti.
4. Föst viðvera leikskólastjóra 2 fyrirfram ákveðnir dagar á hvorum stað, 1 dagur færi í fundi og aðra útréttingar sem fylgja starfinu.
5. Samstarf við forelda og upplýsingaflæði haldi áfram á góðu róli.
6. Leikskólinn verði rekinn sem sér eining og haldi nafni sínu.
7. Ósk foreldra er sú að Valdís Edda haldi sinni stöðu.
8. Við óskum eftir að sömu fulltrúar frá Bakka taki stöðu í starfshópnum sem á að skipa þann 1. Janúar 2017 eða fyrr.

Aðrar athugasemdir:

Á þeim fundum sem foreldrar hafa átt með starfsfólki Reykjavíkurborgar hefur ítrekað verið lofað góðu samstarfi við foreldra. Í vor var skipaður starfshópur sem átti að kanna framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi. Þessi starfshópur vann góða vinnu og skilaði inn tillögu sem var lögð fyrir Skóla- og Frístundaráð. Tillagan sem þessi hópur lagði til var felld en enginn upplýstur um að það hafi verið gert. Ein af fyrri tillögum sem starfshópurinn lagði fram var sú að sameina Bakka og Hamra en var meinað af fulltrúa SFS að ræða þann möguleika í ljós þess að einungis var verið að ræða framtíð Staðahverfis.

Okkur finnst því ekki eðlilegt að þessi tillaga sé svo samþykkt í kjölfarið af því að ekki mátti ræða hana í upphafi.

Þegar tillaga starfshópsins var felld, hefði verið réttast að kalla hópinn saman aftur til að ræða aðra möguleika eða þann möguleika sem SFS hafði nú þegar ákveðið. Okkur finnst því sviðsstjóri, sem bar að veita þessar upplýsingar, ekki hafa staðið við fyrri loforð um samstarf við foreldra og því ekki allir upplýstir um stöðu mála í hverfinu.

Okkur þykir gæði og fjölbreytni matseðilsins hafa dalað undanfarna mánuði/ár.

Fyrir hönd Foreldraráðs Bakka

*Hildakristbjörg Steinar*

*Atli Magn Jónsson*

Fyrir hönd Foreldrafélags Bakka

*Árkaelína Björnsdóttir*



Reykjavík 19. ágúst 2016

## Greinagerð vegna sameiningar Leikskólans Bakka og Leikskólans Hamra

### Unnið af deildastjórum og sérkennslustjóra á Leikskólanum Bakka

Starfsmenn Leikskólans Bakka eru almennt mjög jákvæðir í garð sameiningarinnar og eru allir að vilja gerðir til þess að láta þetta ganga vel fyrir sig. Með greinagerð þessari vilja starfsmenn koma á framfæri þáttum sem þeir sjá hag á að staðið verði vörð um við sameiningu leikskólans við Leikskólann Hamra. Þar sem Leikskólinn Bakki hefur áður verið sameinaður, telur starfsfólk leikskólans að það hafi töluverða reynslu í að vinna á sameinuðum leikskóla.

Starfsfólkið telur mikilvægt að staða aðstoðarleikskólastjóra sé í báðum húsum þ.e einn á Bakka og annar á Hömrum. Eins að sérkennslustjóri sé starfandi í hvoru húsi. Einnig telur það mikilvægt að starfsfólk starfi á einni starfsstöð nema það óski eftir öðru sjálft eða sé gagnert ráðið til afleysinga á báðar starfsstöðvar. Fagleg þekking gæti nýst á milli starfstöðva í formi fræðslu og fyrirlestra.

Starfsfólk Bakka sér ekki fyrir sér sérstaka hagræðingu í að starfsdagar verði sameiginlegir nema um fyrirlestra sé að ræða sem nýtist almennt starfsfólki. Með því verður Leikskólastjóri líka tiltækur á hvorri starfstöð þessa daga. Gera má ráð fyrir að mismunandi áherslur séu á hvorum stað og ólíkir þættir sem ræða þarf. Starfsfólk Bakka hefur reynslu af hvoru tveggja, þ.e.a.s., því að vera með sameiginlega starfsdaga og svo starfsdaga í sitt hvoru lagi. Að vera með starfsdaga í sitt hvoru lagi hefur reynst okkur mun betur. Þá er t.d. hægt að kryfja þau mál sem upp koma sem og efla samvinnu innan starfsmannahópsins í hvorri byggingu.

Við viljum að hugað verði að fjármálum leikskólans og skýr stefna um hvar og hvernig fjármagnið skiptist og að framtíð leikfanga og gagna sem nú þegar eru til á hvorum stað verði ákveðin. Ef Leikskólastjóri sér hag í að starfsfólk leikskólans vinni saman að ákveðnum markmiðum leggjum við til að það verði í höndum aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra sem miðli vinnunni svo til starfsfólksins.

Starfshópur tæki til starfa strax til að undirbúa og ræða sameininguna sem framundan er. Einnig vill starfsfólk Bakka óska eftir því að María verði leikskólastjóri þar til að sameiningu verður.

Við Leikskólann Bakka hefur verið unnið með verkefnið Fjörulallar sem við teljum að sé sérstaða leikskólans og því verði þeirri vinnu ekki breytt.

Við óskum eftir því að haft verði samband við starfsfólk leikskólanna strax ef fyrirhugað er að sameina þá undir eitt þak.



## Umsögn foreldraráðs leikskólans Hamra

Vegna málsmeðferðartillögu um sameingu leikskólanna Hamra og Bakka í Grafarvogi.

Sameiningar leikskóla í Reykjavík eru ekki nýjar af nálinni m.a. voru ellefu sameingar leikskóla árið 2011. Þegar foreldraráðið aflaði sér upplýsinga fyrir þessa umsögn studdist það m.a. við skýrslu Intellecta á sameiningarferli skóla<sup>1</sup>, meistararitgerð um upplifun starfsmanna á sameiningum leikskóla Reykjavíkurborgar<sup>2</sup> auk fundar með Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur frá SFS þar sem fulltrúum foreldraráðs gafst tækifæri til að spyrja spurninga varðandi fyrirhugaða sameiningu.

Ráðið telur jákvætt að ekki sé farið í uppsagnir stjórnenda allra stjórnenda eins og gert var árið 2011 og olli mikilli óvissu.

Ráðið gagnrýnir að tillagan komi fram þegar Hamrar (og væntanlega Bakkaberg líka) eru nýbúnir að skila starfsáætlun. Sameiningartillögur setja starf, áætlanir og markmið vetrarins úr skorðum.

Eftir því sem ráðið kemst næst er Bakki m.a. þekktur fyrir verkefni tengd fjörunni og upplýsingatækni sem gæti vel orðið viðbót við gott starf Hamra. Okkur er ekki kunnugt um annan mögulegan ávinning fyrir Hamra, hvort sem er faglegan eða fjárhagslegan. Samkvæmt málsmeðferðartillögu Skóla- og frístundaráðs skal farið yfir „faglegar forsendur beggja leikskóla vegna fyrirhugaðrar sameiningar“. Ráðið telur jákvætt að það skuli gera, því að slíkt vantaði í sameiningum árið 2011<sup>3</sup>. Gagnlegt væri fyrir foreldraráðið að fá niðurstöður úr því.

Ráðið hefur nokkrar áhyggjur af aukinni ábyrgð leikskólastjóra og minna starfshlutfalli stjórnenda í heildina.<sup>4</sup> Þetta mun óneitanlega hafa áhrif á störf og ábyrgð annarra stjórnenda eins og aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.

Í skýrslu Intellecta kemur fram að „Sameiningar eru flóknar, sérstaklega þær sem varða marga hagsmunaaðila. Margt getur farið úrskeiðis í ferlinu og ef ávinningurinn er ekki augljós er mikil áhætta tekin.“<sup>5</sup> Þar kemur einnig fram að gera þurfi ráð fyrir aukakostnaði í byrjun til að ná fram samlegð<sup>6</sup>. Ráðið telur ekki um augljósan faglegan eða fjárhagslegan ávinning fyrir Hamra að ræða og telur því að þyngst vegi rökin um rekstrarlegt hagræði til langs tíma fyrir Bakka.

---

<sup>1</sup> Intellecta Hallur Símonarson ábyrgðarmaður. 2014. *Úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs og sameiningarferli skóla*. <http://reykjavik.is/frettir/ohad-uttekst-sameiningu-skola>

<sup>2</sup> Elín Björk Einarsdóttir. 2014. *Sameining leikskóla Reykjavíkurborgar. Upplifun starfsmanna*. <http://skemman.is/stream/get/1946/19830/45539/1/Sameiningleikskolareykjavikurborgar.p5002509df>

<sup>3</sup> Skýrsla Intellecta, bls 3

<sup>4</sup> Því að núverandi leikskólastjóri Bakka er í 50% starfi þar (enda sameinaður Bergi, hin 50% þar). Á móti kemur „auka“ 25% kvóti í stjórnun, en það dekkar þó ekki það starfshlutfall sem fellur burt.

<sup>5</sup> Skýrsla Intellecta, bls 7

<sup>6</sup> Skýrsla Intellecta, bls 6





Verði sameiningartillagan að veruleika vill foreldraráðið leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Að sameiningin sé ekki gerð í flýti og að þessir mánuðir til áramóta verði nýttir vel til að stilla saman strengi.
- Hversu mikilvægt gott upplýsingaflæði til allra aðila er, bæði foreldra og starfsmanna.
- Hversu mikilvægt viðhorf starfsmanna til sameiningarinnar er og einnig teljum við sérlega mikilvægt að hlúa að starfsmönnum. Ef að starfsmönnum líður vel og eru ánægðir í starfi skilar það sér til barnanna.
- Það kostar tíma og orku að stilla saman strengi og að fjárhagsáætlunin geri ráð fyrir því og öðrum aukakostnaði í byrjun.

Foreldraráð Hamra,

Gunnar Pétur Garðarsson

Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir

Ragna Kristín Gunnarsdóttir



Reykjavík 22. ágúst 2016

Skóla og frístundasvið

bt Eyglóar Traustadóttur

### Umsögn starfsmanna leikskólans Hamra.

Það sem kom fram á starfsmannafundi Hamra vegna fyrirhugaðar sameiningu leikskóla Hamra og Bakka var :

- Starfsmenn leikskólans Hamra ganga út frá því að starfa áframhaldandi undir gildum leikskólans Hamra.
- Hver leikskóli horfir á sína menningu og spyr við sameiningu hver er ávinningur leikskólans okkar?
- Leikskólinn Hamrar stendur vel að vígi og er með samheldinn starfsmannahóp og hefur byggt upp góðan orðstýr.
- Mikil fjarvera leikskólastjórans er viss aðskilnaður sem snertir alla starfsmenn, foreldra og börn. Veldur það starfsfólki áhyggjum og miklu óöryggi. Mannlegi þátturinn er gríðarlega mikilvægur í okkar starfi.
- Kemur sameiningin niður á okkar menningu?
- Upplýsingaflæði frá Reykjavíkurborg hefur verið mjög ábótavant í þessu ferli. Stutt kynning var fyrir starfsfólk nokkrum dögum fyrir sumarfríslokun. Hluti starfsfólks var þá þegar komið í sumarfrí.
- Samkvæmt síðustu starfsmannakönnun, gerð á vegum SFS kom fram að starfsfólki fannst mikið álag í vinnunni og telur því að við sameiningu muni það aukast.
- Starfsfólk Hamra finnur enga kosti við sameininguna og fyrirvari ekki mikill.
- Ekki þykir okkur hentugt að raska starfi leikskólans á miðju skólaári.
- Ánægt starfsfólk = ánægð börn.

Starfsfólk leikskólans Hamra

